

Fundur í stjórn Prentsöguseturs 25. júlí 2015

Mættir: Haukur Már Haraldsson, Svanur Jóhannesson, Jón Sandholt, Svanhvít Stella Ólafsdóttir og Þóra Elfa Björnsson. Gestur fundarins var Páll Svansson vefhönnuður.

- 1) Páll sagði frá *vefsíðunnni* sem hann vinnur að fyrir setrið og einnig *merki* sem hann hafði gert uppkast að. Merkið minnir á keltnesk form en vekur líka upp hugsanir um prentvalsa, rúllur úr pergamenti til forna o.fl. Hann sýndi uppbyggingu síðunnar og hvaða möguleika hún býður upp á. T.d. staðsetningu prentsmiðjanna framundir ca 1900. Í safngrunni eru sýnishorn af ýmsum myndum svo menn geti glöggvað sig á virkninni. Þá skýrði Páll fleiri punkta varðandi síðuna. Var gerður góður rómur að þessari vinnu Páls. Halda þarf fund með stjórninni varðandi notkunina og einnig að taka ákvörðun um hvenær síðan fer í loftið.
- 2) Farið yfir *Viljayfirlýsingu* sem á að gera við eigandann vegna húsnæðisins á Eyrarbakka og hverju þyrfti að bæta við. Var Hauki falið að ganga frá plagginu og undirritun. Rætt hvernig við stöndum ef ekki gengur upp með húsnæðið og hvort aðrir möguleikar séu fyrir hendi. Ákveðið að halda fund með Jóhanni sem fyrst
- 3) *Styrkveiting*. Uppbyggingarsjóður Suðurlands veitti verkefninu styrk, kr. 300.000, eftir er að fá frá þeim eyðublað til að lýsa framkvæmdum betur. Fé mun þurfa í flutning á tækjum, vefsíðu og frumhönnun setursins. Og ræða þarf við Björn G. Björnsson vegna hönnunarinnar.
- 4) *Safnið AEPM* (Association of European Printing Museums) sýnist álitlegt og var ákveðið að sækja um aðild að því, Haukur tekur að sér.
- 5) *Önnur mál*. a) Haukur sagði Brimborg leigja sendiferðabíla án bílstjóra, kr. 10.000 kostar sólarhringurinn, hann sagðist vera tilbúinn að fara sjálfur norður til Hóla og lýsti eftir samferðamanni. b) Heimir Br. sendi skilaboð (er úti á landi), vill velja því upp hvort við séum að reisa okkur hurðarás um öxl, er dæmið of stórt? Var þessi fyrirspurn Heimis rædd, klárt er að fyrir liggur viljrði um húsnæði og fullur hugur er að halda verkefninu lifandi. c) Svanur sagði frá félagatalinu og ganginum í innheimtu gjalda sem gengur nokkuð hægt. Ætið þegar upplýsingar eru settar á FB bætast nokkrir við félagatalið.

Ritari: PEB